

Samþykktir
fyrir Orkuveitu Húsavíkur ohf.

1. gr.

Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess Orkuveita Húsavíkur ohf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er Vallholtsvegur 3, Húsavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 604.247.000,- sexhundruðogfjórarmilljónir tvöhundruðfjörtíu og sjö þúsund krónur.

Hlutafénu er skipt í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

5. gr.

Félagið má eiga sjálft allt að 10% af eigin hlutafé. Egnist félagið meira af hlutafénu skal það hafa selt hluti þannig að lögmæltu lágmarki sé náð innan 6 mánaða. Eigin hlutir félags njóta ekki atkvæðisréttar.

6. gr.

Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Sé hluthafi einn getur hann að lagaskilyrðum fullnægðum skráð hækkun eða lækkun hlutafjár í gerðabók.

7. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða tölvuskra hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

1. Hluti í númeraröð.

2. Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölu.
3. Skráningardag eigendaskipta.

Stjórn félagsins skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu

8. gr.

Óheimilt er að selja, veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis stjórnar þess.

9. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega eða þau verið færð í gerðabók einkahlutafélags eins aðila, sbr. einnig ákvæði 8. gr.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarpingi félagsins.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó mega eigi líða fleiri en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs gilda um greiðsluskilmála.

Eigendaskipti vegna arfsals til erfingja við andlát hluthafa eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

Verði eigendaskipti að hlutum í félaginu, með lögmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrána.

10. gr.

Sérhver yfirfærsla eignarhluta í félaginu til einkaaðila er óheimil, og skulu gerningar um það ekki hafa gildi gagnvart hlutaskrá félagsins.

Samþykktir

Hluthafafundir

11. gr.

Aðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmætra hluthafafunda

12. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Fundinn skal halda innan marka orkusöluvæðis félagsins.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn sannanlegan hátt. Boða skal til hluthafafundar mest fjórum vikum fyrir fund og skemmst viku fyrir fund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Sé hluthafi einn getur hann tekið afstöðu til mála, sem almennt er fjalla um á aðalfundi eða aukafundum, og skráir ákvarðanir í gerðabók.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfundi félagsins og sömuleiðis kjörnum fulltrúum eigenda, þ.e. sveitarstjórnarmönnum. Þessir aðilar hafa rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

Félagsstjórn skal ætíð boða hluthafa, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra, endurskoðendur félagsins og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

13. gr.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum, án tillits til þess hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsparfir fram yfir skuldbindingar sínar
- að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
- að breyta ákvæðum samþykktum um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

Samþykktir

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra hluthöfum frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Kjör stjórnar.
5. Kjör endurskoðanda.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar opinbers hlutafélags eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint og fundur boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra samkvæmt 2. mgr. 62. gr. ehfl.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri (veitustjóri)

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir þrír varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Um hæfi stjórnarmanna og varamanna þeirra fer að lögum.

Fari starfsmenn félagsins fram úr 50 stöðugildum á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn. Sama gildir um varamenn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir er meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skulu stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni.

Samþykktir

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglur þessar skulu birtar á vef félagsins.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra (veitustjóra) og ákveður laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Reikningar félags og endurskoðun

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir viðkomandi félagi. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur, undirritaður af félagsstjórn og framkvæmdastjóra, með áritun endurskoðanda, skal lagður fram á skrifstofu félags í síðasta lagi viku fyrir aðalfund, skráðum hluthöfum til sýnis. Mánuði eftir samþykkt ársreiknings skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning, ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur.

Birta skal ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning á heimasíðu félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.

Breytingar á samþykktum félagsins

21. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða minnst yfir a.m.k. 2/3

Samþykktir

hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum, sbr. 68. gr. ehfl. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum einkahlutafélags skal án dráttar tilkynnt hlutafélagaskrá, nema annað tímamark sé sérstaklega fram tekið í samþykktum þessum eða lögum, og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

Samþykktir félagsins skulu birtar á heimasíðu félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.

22. gr.

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilaneftdar.

Lokaákvæði

23. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Þannig samþykkt á hluthafafundi 2. janúar 2012.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.